

Inngangur

Deiliskipulag í landi Dalbæjar á Stokkseyri var unnið haustið 2004 fyrir Sveitarfélagið Árborg að ósk Skipulags- og byggingadeildar sveitarfélagsins. Á því landi á að opna húsdýragarð sumarið 2005 þar sem verða til sýnis ýmis húsdýr og fleira. Byggðasafn Árnesinga var fengið til þess að deiliskrá svæðið, sem þekur um tvo hektara, vegna framkvæmdanna, sem eru að nokkru leyti hafnar.

Þann 30. ágúst var gengið um svæðið í fylgd Torfa Áskelssonar ábúanda og eiganda húsdýragarðsins. Torfi kynnti hugmyndir sínar, minjar voru skoðaðar sem og ýmis gögn er varða svæðið. Minjar frá býlunum Dalbæ og Hvíld liggja innan deiliskipulagssvæðisins. Ætlunin er að þessar minjar verði hluti af húsdýragarðinum en einnig er áformað að hlaða upp á nýtt tvær tóftanna. Auk þess var haft samband við Hinrik Bjarnason sem er afkomandi síðustu ábúenda á Hvíld. Minjar voru einnig skráðar við Helgastaði enda á mörkum deiliskipulagssvæðisins. Þær eru þó ekki innan deiliskipulagssvæðisins.

Deiliskipulagið liggur í landi Dalbæjar og eru tóftir býlisins Hvíldar innan Dalbæjarlands. Hvíld var hinsvegar hjáleiga frá Stokkseyri og er því skráð hér undir Stokkseyrarjörðina. Minjar voru einnig skráðar við Helgastaði enda á mörkum deiliskipulagssvæðisins. Þær eru þó ekki innan deiliskipulagssvæðisins.

Skráninguna önnuðust fornleifafræðinemar úr Háskóla Íslands þær Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Edda Linn Rise fyrir hönd Byggðasafn Árnesinga, undir stjórn Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings Byggðasafns Skagfirðinga.

Tilgangur fornleifaskráningar

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta,

ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki heldur háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.). Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalaus. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Það er hagur allra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt er að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og oft undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni beggja, fræðigreinar og framkvæmdaaðila.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Fornleifavernd getur krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sbr. 14. gr. þjóðminjalaga).

Fornleifaskráning og aðferðir

Fornleifaskráningin á vettvangi var takmörkuð við það svæði sem verið er að deiliskipuleggja, í þessu tilfelli Dalbæjarland á Stokkseyri. Þó voru einnig skráðar

minjar við húsið Helgastaði en bæjarhóll býlisins Hvíldar liggur fast við lóðamörk Helgastaða.

Áður en vettvangskonningu fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Svæðisskráning Fornleifastofnunar Íslands var höfð til hliðsjónar. Þessar upplýsingar verða allar skráðar í Sarp, sem er sameiginlegur gagnagrunnur minjavörslunnar.

Við mat af þessu tagi eru aðeins skráðar þær fornleifar sem geta orðið fyrir raski eða eru í námunda við framkvæmdirnar. Því má ekki líta svo á að um tæmandi fornleifaskráningu á vettvangi sé að ræða, einkum þar sem framkvæmdir eru minniháttar og aðeins um litla tilfærslu að ræða.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagsskort frá Verkfræðistofu Suðurlands.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum landsins, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða -stöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Helgastaðir 165816 og Dalbæjarland 165816, og í öðru lagi númeri jarðarinnar

¹ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

samkvæmt Jarðatali Johnsens, 151 sem er númer jarðarinnar Stokkseyrar í nefndu tilviki. Þar að auki eru fornleifunum gefin raðnúmer innan hvernar jarðar; bæjarstæði á Dalbæ væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: S-165816-151-1.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er lýst með fáum orðum, þ.e. hvort um er að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sjást fornar minjar ekki í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Dalbær eða Hvíld, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra er lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Hnitin eru ísnethnit. Staðsetning minja er einnig færð inn á meðfylgjandi kort. Kortið er hluti af stærra deiliskipulagskorti svæðisins sem unnið var af Verkfræðistofu Suðurlands. Það er hér birt með góðfúslegu leyfi höfunda.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á hættu sem kann að steðja að fornleifum, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að gera viðeigandi ráðstafanir liggi minjar undir skemmdum eða geta orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunna að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að

fornleifar eru smám saman að mást í burtu fyrir áhrif loftslags eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornlleifar geta glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættu gagnvart fornlleifum þegar einungis er um heimild að ræða og þær hafa ekki fundist við vettvangsskráningu. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornlleifar geta sem fyrr segir leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um hverja hinna skráðu fornlleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að hver skráning á að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Saga jarðarinnar og fornlleifar

Eftirfarandi er hin eiginlega fornlleifaskráning með aðfaraorðum um Stokkseyri og svæðið í kring.

Saga jarðanna og fornleifar

Stokkseyri - 165571-151

Stokkseyri er landnámsjörð sem fyrst er getið í Landnámabók og nefnd í Flóamannasögu. Landnámsmaður á Stokkseyri var Hásteinn Atlason norskur maður sonur Atla jarls hins mjóa af Gaulum. Kom hann um 900 til Íslands og skaut setstokkum sínum fyrir borð í hafi eins og Ingólfur Arnarson gerði við öndvegissúlur sínar, þrjátíu árum fyrr. Setstokka Hásteins rak að landi þar sem nú er Stokkseyri og nam Hásteinn allt það land sem nú tilheyrir Stokkseyrarhreppi. (Íslensk fornrit I:373)

Á Stokkseyri hefur verið kirkja frá fornu fari og þingstaður hreppsins. Stokkseyri var sömuleiðis langstærsta jörðin í hreppnum eða um 60 hundruð eftir fornu mati. Sjö aðrar jarðir byggðust strax á landnáms- og söguöld innan Stokkseyrarhrepps. Þær voru Stjörnusteinar, Traðarholt, Baugsstaðir, Brattholt, Leiðólfsstaðir, Ásgautsstaðir og Hæringsstaðir. Á síðustu öldum hafa lögbýli verið um 15-16 talsins, mörg þeirra tvíbýli en út frá þeim allmargar hjáleigur, grasbýli, þurrabúðir og/eða tómthús. (Guðni Jónsson:124)

Árið 1709 voru alls 24 hjáleigur frá Stokkseyri, sem þá var tvíbýli. (Jarðabók: 59)

Heimildaskrá:

Íslensk fornrit I Íslendingabók og Landnáma. 1968. Hið Íslenska Bókmenntafélag. Reykjavík.

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið í Reykjavík gaf út, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Annað bindi. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn.

Hvöld-165571-151

Samkvæmt Jarðatali er býlið Hvöld talin 11. hjáleiga Stokkseyrar.

Þann 15. ágúst 1708 og næstu daga á eftir skráðu Páll Jónsson Vídalín og Þorsteinn Sigurðsson býli Stokkseyrarhrepps. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir svo frá Hvöld: „Hvijld, ellefta hjáleiga, tómthús. Lagðist í auðn næstliðið haust. - Húsaleigan var x álnir í landaurum. Kvöð skipsáróður og var þá engin húsleigan." (Jarðabók:67)

Hvöld er ekki nefnd í Manntalinu frá 1703, en er sögð komin í eyði 1708. Hennar er heldur ekki getið 1729 né 1801. (Jarðabók:67) og virðist því byggðin hafa verið mjög skammvinn á 18.öld. Hvöldar er næst getið í bókinni *Manntal á Íslandi 1816* og þjuggu þar þá tveir niðursetningar, þær Margrét Ingimundsdóttir og Sigríður Guðnadóttir. Samkvæmt bókinni *Bólstaðir og búendur* (bls. 384), er býlið ekki nefnt aftur fyrr en Karel Jónsson byggði þar árið 1876. Þá voru þar fjárhús frá Starkaðarhúsum. Hvöld lagðist í eyði um 1928 og enn má vel sjá bæði tóftir á bæjarhólnum á Hvöld og garðinn í kring um bæinn.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn. *Manntal á Íslandi 1816*. 1947. Prentað að tilhlutan ættfræðifélagsins með styrk úr Ríkissjóði. Prentsmiðja Björns Jónssonar H.F., Akureyri, bls 303. Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og Búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið í Reykjavík gaf út, Reykjavík.

Fornleifaskrá

Hvöld – 165571-151-03

Tegund: Bæjarhóll

Hlutverk: Bústaður

Sérheiti: Hvöld

Staðsetning: E398855, N372111

Staðhættir og lýsing:

Tóft Hvíldarbæjar eru um 25 m suður af andatjörninni í Dalbæjarlandi og 20 m norður af íbúðarhúsinu á Helgastöðum [165751-151-01]. Bæjarhóllinn er mjög vel greinilegur og tóft yngstu bæjarhúsanna er í austurhluta hans. Hlaðinn grjótagarður er umhverfis bæjarhólinn og ná tóft og garður nánast saman að austanverðu en að vestanverðu eru 20 metrar á milli tóftar og garðs.

Bæjarhóllinn er mjög hár miðað við landslagið. Tóft er á hólnum og er hún niðurgrafin að hluta vistantil. Austur- og suðurhlíð tóftarinnar eru ekki niðurgrafnar. Tóftin er grasi vaxin en vel sér í mosavaxna hleðslusteina. Hvönn og njóli vaxa í tóftinni. Dyr virðast hafa snúið mót austri og er tóftinni skipt upp í þrjú herbergi. Tóftin er að utanmáli lengst um 11 metrar og breiðust um 7 m. 2,5m vestur af tóftinni sér móta fyrir laut sem er um 1 m x 2,5 m á stærð og önnur jafnstór um 2 m vestur af henni. Lautirnar eru merki um eldri búsetu á hólnum. Vestast í bæjarhólnum eru svo merki um einhverjar grjóthleðslur sem ekki mynda þó greinileg veggjalög.


Hættumat: Bæjarhólnum er hætta búin vegna ábúðar og skógræktar.

Aðrar upplýsingar Númer fornleifastofnunar ÁR-151-010

Ábúandi hyggst hlaða upp tóftina á hólnum og hafa til sýnis.

Heimildir: JÁM II,67 GJ: Guðni Jónsson. *Bólstaðir og búendur*: 387

Manntal á Íslandi 1816. 303



Hvöld- 165571-151-04


Tegund: Garðlag

Hlutverk: Túngarður

Staðsetning: E398855, N372111

Staðhættir og lýsing:

Hlaðinn grjótagarður er umhverfis bæjarhólinn á Hvíld [165571-151-03] og ná tóftin og garðurinn nánast saman að austanverðu en að vestanverðu eru 20 m á milli tóftar og garðs. Garðurinn liggur umhverfis bæjarhólinn að norðan, austan og vestan en ekki



að sunnan. Garðurinn stendur vel og er að meðaltali um 0.5-1 m á þykkt og er allt í allt um 70 m langur, í tvennu lagi. Norðaustan bæjartóftarinnar sveigir garðurinn til austurs og liggur þar á um 50 m kafla.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Aðrar upplýsingar Númer fornleifastofnunar ÁR-151-126

Hvöld-165571-151-05

Tegund:Garðlag

Hlutverk: Vörslugarður

Staðsetning: E398861, N372075

Staðhættir og lýsing:

Grjóthlaðinn garður liggur um 25 m austur frá íbúðarhúsinu á Helgastöðum [165751-151-01] til austur og út úr Dalbæjarlandi. Garðurinn er mjög

sokkinn en er greinilegur þar sem hann aðskilur ræktað land og móa. Garðurinn liggur í austur/vestur og er um 26 m langur. Hann virðist vera framhald af garði [165571-151-04] en þó er skarð á milli þeirra. Gæti það verið vegna nálægðar við byggð og hænsnakofa sem skarðið hefur orðið til, eða að hann sé einfaldlega svo sokkinn að ekkert sést.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Aðrar upplýsingar Númer fornleifastofnunar ÁR-151-129



Dalbær-165816-151

„Dalbær var byggður 1899, og bjuggu þar hjónin Jón Jónsson og Helga Þorsteinsdóttir, bæði úr Ytrihrepp. Dalbær fór í eyði um 1940, og er þar nú heyhlaða og geymsla." (Guðni Jónsson :382.)

Bærinn kemur ekki fyrir í *Fasteignabókinni* frá 1932 þrátt fyrir að hafa verið í byggð þá. Í dag má sjá greinilega tóft í landi Dalbæjar, sem líklega hefur verið fjárhús, en gæti þó verið heyhlaðan og geymslan sem talað er um í bókinni *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Miðað við kort af Stokkseyri frá árinu 1912 þar sem sjá má legu Dalbæjar virðist bærinn hafa staðið þar sem áður nefnd fjárhús eru nú, og þar gæti því verið tóft íbúðarhússins í Dalbæ fremur en að þar hafi verið fjárhús. Ef svo er ekki er tóft bæjarins í Dalbæ með öllu horfin.

Heimildaskrá

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og Búendur í Stokkseyrarhreppi*.

Stokkseyringafélagið í Reykjavík gaf út, Reykjavík.

Fasteignabók. 1932. Löggilt af Fjármálaráðuneytinu. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.

Fornleifaskrá

Dalbær-165816-151-01

Tegund: Tóft


Hlutverk: Bústaður, fjárhús og hlaða.

Sérheiti: Dalbær

Staðsetning: E398920, N372225

Staðhættir og lýsing:

Tóft þessi er í Dalbæjarlandi er um 25 m. norðan við andatjörnina, sem er tjörn þar sem nú er bryggja [2004], tóftin er sömuleiðis beint norður af íbúðarhúsinu á Helgastöðum [165751-151-01], og um 50 m. austur af Nýborg. Tóftin er hæst um eða yfir 1,5 m. Hún er grasi vaxin en þó sér vel í mosagróna steina hleðslunnar. Þar vex hvönn. Tóftin er 11 m löng að utanmáli og 11 m breið, hún er tvískipt og hjá er gryfja. Að innanmáli er stærri hlutinn 6 x 3 m. Sá minni, sem líklega var hrútakofi að sögn ábúanda, er að innanmáli mest 3



x 3 m. Gryfjan er við suðurhlið stærri hlutans og vesturhlið hins minni, líklega notuð undir súrhey að sögn ábúanda. Gryfjan er 1,5 x 2,5 m að innanmáli.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Aðrar upplýsingar: Númer fornleifastofnunar Ár-151-78

Hlaðinn garður er umhverfis tóftina og fjöldi garða eru enn varðveittir á jörðinni og stendur til að leyfa þeim að standa áfram. Umrædd tóft á sömuleiðis að fá að standa en eigandi húsdýragarðsins hefur áhuga á að endurhlaða tóftina og setja á hana þak, eins og var fyrir nokkrum árum. Sömuleiðis hefur hann í hyggju að hafa innangengt úr einum hluta tóftarinnar í annan.

Dalbær-165816-151-02

Tegund: Garðlag.

Hlutverk: Landamerkjagarður, vörslugarður

Staðsetning: E398920, N372225

Staðhættir og lýsing:

Grjóthlaðinn garður liggur til austurs í um 20 m frá SA horni fjárhústóftarinnar í Dalbæ [165816-151-01]. Þá

kemur um 2,5 m breitt bil eða hlið á garðinum. Hann heldur svo áfram til suðurs um 11,5 m, en beygir þá í vestur. Veggurinn sem liggur vestur/austur er u.þ.b. 36 m langur en á honum eru tvö bil eða hlið bæði u.þ.b. 2. m breið. Þá sveigir garðurinn í norður og er þá landamerki Nýborgar og Dalbæjar á um 40 m kafla. Rof er á þeim hluta hans, um 4 m breitt, en þar liggur vegur inn á svæðið. Þar sveigir garðurinn til vesturs og er um 20 langur þar til hann hverfur. Á þeim kafla er áætlað bílastæði. Annar garður liggur út úr landamerkjagarðinum til vesturs og er hann þar einnig landamerki Nýborgar og Dalbæjar. Sá garður er um 22 m langur. Svæðið á milli þessara tveggja garða er um 22 m breitt og er þar áætlað bílastæði. Auk þess að sveigja til norðurs liggur þessi sami garður um 40 m til suðurs og þar út í andatjörnina og er þar einnig landamerki Dalbæjar. (E398898, N372212) Í andatjörninni u.þ.b. miðri, sveigir garðurinn í suðaustur yfir tjörnina og heldur áfram handan hennar í um 12 m (E398910, N372171). Þá kemur rof í garðinn vegna göngustígs en áfram fer hann í sömu stefnu um 32 m til viðbótar. Þar er aftur rof í garðinn vegna rotþróar frá svínastíu. Garðurinn heldur áfram um 46 m en sveigir þá til norðurs, á um 74 m löngum kafla og sveigir þá í vestur og liggur þar áfram um í 26 m., en þar hverfur hann.



Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Aðrar upplýsingar: Eigandi húsdýragarðsins vill varðveita garðinn í heild sinni og hafa hann til sýnis. Númer fornleifastofnunar ÁR-151-127

Dalbær-165816-151-03

Tegund: Brunnur

Hlutverk: Brunnur

Staðsetning: E398908, N372204

Staðhættir og lýsing:

Við norðurenda andatjarnarinnar, hefur verið byggð bryggja. Undir bryggjunni miðri er hlaðinn brunnur.

Brunnurinn er einungis greinilegur undir bryggjunni. Hann hefur verið hlaðinn úr grjóti og er sennilega hringlaga. Brunnurinn þessi hefur líklega tilheyrt Dalbæ [165816-151-01] fremur en Hvíld [165571-151-03] og vatnið úr honum annað hvort verið til heimilisnota eða til að brynna skepnum.

Hættumat: Brunninum er hætta búin vegna ábúðar.

Aðrar upplýsingar Númer fornleifastofnunar ÁR-151-128



Helgastaðir-165751-151

„Helgastaðir eru kenndir við Helga Pálsson, áður bónda í Vestra-Stokkseyrarseli. Hann byggði bæ þennan árið 1896 og bjó þar lengi." (Guðni Jónsson:384.) Saga Helgastaða kemur fyrir í handriti að Húsakönnun á Stokkseyri og er svohljóðandi: „Helgi Pálsson grasnytjamaður byggði árið 1907. Húsið hefur verið gert upp og gripahúsum breytt í íbúðarhús. Að utan er húsið óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð og ber yfirbragð gömlu tómthúsabyggðarinnar á Stokkseyri.“ Torfi Áskelsson og Ingibjörg Ársælsdóttir hafa átt húsið frá 1997. (*Húsakönnun á Stokkseyri* 2000-2002)

Heimildaskrá

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og Búendur í Stokkseyrarhreppi*.

Stokkseyringafélagið í Reykjavík gaf út, Reykjavík.

Húsakönnun á Stokkseyri. 2000 og 2001. Byggðasafn Árnesinga, Eyrarbakka hafði umsjón með útgáfunni.

Helgastaðir-165751-151-01

Tegund: Hús

Hlutverk: Bústaður

Sérheiti: Helgastaðir

Staðsetning: E398820, N372086

Staðhættir og lýsing:

Íbúðarhúsið á Helgastöðum stendur við enda Tjarnarstígs og er nr. 9. Það er bárujárnsklætt og rauðmálað. Áfast við húsið eru útihús sem er búið

að innrétta og eru nú hluti íbúðarhússins. Sá hluti hússins er burstalaga. Húsið hefur verið gert upp og þar er búið í dag.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Aðrar upplýsingar Númer fornleifastofnunar ÁR-151-87



Helgastaðir-165751-151-02

Tegund: Hús

Hlutverk: Útihús

Staðsetning: E398824, N372110



Staðhættir og lýsing:

Um 12 m vestur af íbúðarhúsinu á Helgastöðum [165751-151-01], í garðinum, er lítill kofi eða jarðhús. Húsið er 6 m á lengd og 3 m á breidd með torfpaki. Það er niðurgrafið að hluta og því ekki háreist. Húsið hefur líklega eitthvað verið viðgert, eða byggt á gömlum hleðslum. Í dag er það notað sem geymsla. Ekki er vitað hversu gamalt húsið er.

Aðrar upplýsingar Númer fornleifastofnunar ÁR-151-130

Helgastaðir- 165751-151-03

Tegund: Garðlag

Hlutverk: Matjurtagarður

Staðsetning: E398837, N372070

Staðhættir og lýsing:

Grjóthlaðinn garður er um 6 m suður af íbúðarhúsinu á Helgastöðum [165751-151-01]. Garðurinn er hlaðinn á þrjá vegu og umlykur að mestu smá túnblett. Garðhleðslurnar eru ekki hærri en um 0,5 m og eru grónar mosa og grasi, en auk þess er mjög mikið af hvönn í suðurhluta garðsins. Garðurinn liggur nálega vestur- austur á um 35 m kafla sunnan íbúðarhússins. Hann sveigir því næst til suðurs og er þar 16 m langur. Þar er skarð garðinn en handan þess heldur hann áfram í 6 m. Þar beygir garðurinn til vesturs í um 35 metra og myndar hina langhliðina. Ekki mótast fyrir hleðslu í vestri.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Aðrar upplýsingar Númer fornleifastofnunar ÁR-151-131



Samantekt

Við vettvangsathugun voru skráðar 9 vel greinilegar minjar. Sex þessara minja liggja innan áætlaðs framkvæmdarsvæðis og verður því að taka tillit til þeirra við allar framkvæmdir. Um er að ræða búsetuminjar s.s. bæjarhól, bæjarstæði, brunn og grjóthlaðna garða.

Landeigandi hefur í hyggju að láta endurhlaða og hafa til sýnis tóftir Hvíldarbæjar og fjárhús- og hlöðutóft í Dalbæ. Tóftirnar eru líklega leifar síðustu byggðar á þessum stöðum frá fyrri hluta 20. aldar. Þær teljast því ekki til fornleifa samkvæmt skilgreiningu Þjóðminjalaga. Erfiðara er að segja til um aldur hlaðinna garða sem enn standa vel, innan deiliskipulagssvæðisins, en engin áform munu uppi um að hrófla við þeim.

Húsatóftirnar eru vafalaust hlaðnar á grunnnum eldri bygginga. Bæjartóftin í Hvíld stendur á vel greinilegum bæjarhóli sem myndast hefur við endurtekna uppbyggingu á sama stað. Á hólnum sjást tvær lautir eða dældir sem að öllum líkindum tilheyra eldra byggðarskeiði og ber bæjarhóllinn öll merki þess að þar undir leynist eldri mannvistarlög. Heimildir eru um byggð í Hvíld snemma á 18. öld og telst bæjarhóllinn því til friðaðra fornleifa. Á Dalbæ er fjárhús- og hlöðutóft líklega byggð á grunni bæjarins sem komst í ábúð 1899 og fellur því undir ákvæði Þjóðminjalaga. Nauðsynlegt er að hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins við áætlanir um uppbyggingu á þessum tóftum og á svæðinu öllu.

Landeigandi vill vernda og varðveita minjar innan skipulagssvæðisins og gera þær að hluta heildarmyndarinnar innan húsdýragarðsins. Þó verður að hafa í huga þann fjölda gesta sem sækja mun garðinn. Leggja þarf stíga um svæðið og leitast við að stýra umferð um það þannig að fornleifar bíði ekki skaða af. Merkja mætti minjarnar og vekja þannig á þeim athygli.

Á bæjarhólnum í Hvíld hafa verið gróðursettar nokkrar aspir en rætur þeirra sprengja vegghleðslur og skaða jarðlæg mannvistarlög. Lagt er til að aspirnar verði fjarlægðar hið fyrsta .

Í skýrslulok er rétt að minna á að við framkvæmdir verður að hafa í huga að fornminjar geta komið óvænt í ljós þótt þeirra sjái ekki stað á yfirborði. Þá þarf að stöðva framkvæmdir og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Gefin úr af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn.

Fasteignabók. 1932. Löggilt af Fjármálaráðuneytinu. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.

Fasteignamat ríkisins. *Fasteignin mín*. www.fmr.is

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og Búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið í Reykjavík gaf út, Reykjavík.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2002. *Menningarminjar í Stokkseyrarhreppi, svæðisskráning*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Húsakönnun á Stokkseyri. 2000 og 2001. Umsjón með útgáfu var Byggðasafn Árnesinga, Eyrarbakki.

Kort úr eigu Sigurðar Guðmundssonar sem varðveitt er á Héraðsskjalasafni Árnesinga frá árinu 1912.

Manntal á Íslandi 1816. 1947. Prentað að tilhlutan ættfræðifélagsins með styrk úr Ríkissjóði. Prentsmiðja Björns Jónssonar H.F., Akureyri.

Lýður Pálsson. 2000. *Stokkseyri*. www.arborg.is